

T I L L A G A

til þingsályktunar um frekari stefnumótun þjóðkirkjunnar
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af Hreini S. Hákonarsyni
Frsm. Hreinn S. Hákonarson

Kirkjuþing 2019 samþykkir að hefja aftur vinnu við stefnumótun þjóðkirkjunnar þar sem frá var horfið árið 2016. Kirkjuráð hafi verkstjórnina á hendi og sjái til þess að sem flest verði kölluð að stefnumótunarborðinu í samvinnu við prófesta, presta, djákna og sóknarnefndir. Litið verði til þeirrar vinnu sem innt var af hendi í stefnumótun þjóðkirkjunnar 2003-2010 og 2014-2016. Jafnframt verði sérstaklega hugað að stefnumótun og framtíðarsýn þjóðkirkjunnar í ljósi hins nýja viðbótarsamnings íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar og þeirra breytinga sem hann felur í sér á sambandi samningsaðilja.

Greinargerð.

Árið 2003 samþykkti kirkjuþing stefnu og starfsáherslur þjóðkirkjunnar fyrir árin 2004-2010. Á umliðnum árum hefur kirkjuþing samþykkt stefnumarkmið í einstökum málaflokkum eins og fjölskyldustefnu, jafnréttisstefnu, starfsmannastefnu, vímuvarnastefnu svo fáein dæmi séu tekin. Allir þessa málaflokkar þurfa svo endurskoðunar við eftir því sem tíminn líður.

Á kirkjuþingi 2014 var skipaður starfshópur til að vinna að stefnumótun þjóðkirkjunnar. Hópurinn skilaði áfangaskýrslu á kirkjuþingi 2015. Í skýrslunni kom fram ósk nefndarinnar um að haldið yrði áfram að vinna út frá hugmyndum nefndarinnar. Einnig hvatning til kirkjuþingsmanna til að ræða hugmyndir þær sem fram komu í áfangaskýrslunni.

Það næsta sem gerðist var að á kirkjuþingi 2016 var samþykkt að vinnu umrædds starfshóps yrði frestað meðan unnið yrði að gerð nýrra þjóðkirkjulaga, starfsreglna og almannatengsla.

Ekki er ólíklegt að þjóðkirkjulögin sem kirkjuþing hafði lengi til umfjöllunar þurfi rækilegrar endurskoðunar við í ljósi breyttra aðstæðna sem vikið verður að hér að neðan.

Nú er ljóst að uppi er mjög svo breyttar aðstæður eftir að kirkjuþing 2019 samþykkti viðbótarsamning íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um endurskoðun á samkomulagi um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 og samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembættis og prófesta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998.

Viljayfirlýsing þjóðkirkjunnar annars vegar og forsætis-, fjármála- og efnahagsráðherra og dómsmálaráðherra hins vegar í tengslum við nýjan viðbótarsamning á milli þjóðkirkjunnar og íslenska ríkisins, um að stórauka fjárhagslegt sjálfstæði þjóðkirkjunnar og að einfalda mjög allt lagaumhverfi og fyrirkomulag á þeim greiðslum sem þjóðkirkjan fær úr ríkissjóði, kallar á að stefnumótun þjóðkirkjunnar sé skýr og ákveðin. Sömu leiðis kalla viðamiklar lagabreytingar í kjölfar samningsgerðarinnar á glögga stefnumótun þjóðkirkjunnar og einhug hennar.

Þess skal getið að aukakirkjuþing 2019 skipaði sex manna nefnd vegna viðbótarsamningsins. Í henni eiga sæta fulltrúi biskups Íslands, kirkjuráðs, forsætisnefndar, löggjafarnefndar, fjárhagsnefndar og allsherjarnefndar. Í bígerð er að halda kynningarfund um viðbótarsamninginn og skipan nefndarinnar.

Ljóst er að viðbótarsamningurinn og það sem fylgir honum markar mikil tímamót í sambandi kirkju og ríkis, þjóðar og kirkju.

Í ljósi alls þessa er brýnt að mati flutningsmanna að stefnumótun kirkjunnar fari fram samhliða öllum þessum miklu breytingum sem í aðsigi eru. En það er ekki aðeins einasta á vettvangi kirkjuþings sem stefnumótunin á að fara fram heldur og á hinum almenna vettvangi þjóðkirkjunnar, úti í sóknum, prestaköllum og prófastsdæmum. Þar er kirkjan þar sem fólkið er. Það hlýtur að hafa eitthvað um þetta að segja og mikilvægt er að bjóða því alla vega að umræðuborðinu.